



Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -13. febrúar 2018-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

Álagning fasteignagjalda 2018

Álagningu fasteignagjalda er lokið og er heildarálagning 168.872.496 krónur og hækkar frá fyrra ári um 12,4 milljónir.

Þekkingarsetrið á Blönduósi:

5 umsóknir sóttu um stöðu Forstöðumanns Þekkingarsetursins á Blönduósi. 4 umsækjendur fóru í starfsviðtal. Tilkynnt verður um val forstöðumanns Þekkingarsetursins á Blönduósi í næstu viku.

Framkvæmdir:

Árbraut 33

Verið er að taka saman upplýsingar svo að hægt sé að ljúka framkvæmdum við Árbraut 33 en stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í næstu viku. Stefnt er að því að íbúðin komist í rekstur í byrjun júní ef allt gengur upp. Lokið er að kostnaðarmeta framkvæmdir við Kyndistöðina sem breytt verður í vinnustofur fyrir listamiðstöðina í Kvennaskólanum.

Snjómokstur

Snjómokstur er orðin talsverður það sem af er ári enda hefur ekki snjóað jafn mikið um langa hríð. Til að auka yfirsýn íbúanna hefur verið sett kort inná heimasíðuna um hvernig sé mokað og hvaða götur eru í forgangi. Eins eru reglur um snjómokstur aðgengilegar á heimasíðunni.



Félagsheimilið

Lokið hefur verið við að endurbæta eldhúsið í Félagsheimilinu og gengu framkvæmdirnar mjög vel. Almenn ánægja er með framkvæmdirnar.

Framkvæmdir við leiguíbúðir

Verið er að ljúka við uppsetningu á nýrri eldhúsinnréttingu í íbúð 3C í blokkinni en jafnframt var skipt um gólfefni í leiðinni. Er nú búið að skipta um 4 eldhúsinnréttingar í íbúðum okkar en Blönduósbær á 10 íbúðir af 14. Almenn ánægja er með þessar breytingar og er mikilvægt að halda áfram ef um skipti á leigendum er að ræða eða eins og í þessu tilfelli þegar íbúarnir voru erlendis í einn mánuð.

Íbúafundur

Annar fundur um Verndarsvæði í byggð var haldinn þann 17. janúar sl. í Félagsheimilinu þar sem drög að tillögu um verndarsvæði í gamla bænum á Blönduósi var kynnt og var til umræðu á sveitarstjórnarfundi í dag. Ljóst er að mikill áhugi er á gamla bænum af íbúum bæjarins. Verkefnið Verndarsvæði í byggð er mikið þjóðþrifamál fyrir gamla bæinn. Nú liggur fyrir stefnumörkun fyrir Gamla bæinn sem gerir mönnum kleift að styrkja gamla bæinn til framtíðar.